

Merkfir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan eins sólarhrings og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ráða sérstakan hundaeftirlitsmann er annist eftirlit með því að reglugerð þessi sé haldin og er honum heimilt að handsama lausagönguhunda og hunda er gerst hafa á annan hátt brotlegir við reglugerð þessa og færa þá í geymslu sbr. 2. gr. f-lið. Eftirlitsmaður þessi njóti aðstoðar lögreglu gerist þess þörf, en að öðru leyti starfar hann sjálfstætt við sín eftirlitsstörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um hundahald í Selfosshreppi nr. 30 frá 1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Selfoskaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Selfoskaupstað er sem hér segir:

- a) Samkvæmt 2. gr. b. og f-lið samþykktar um hundahald á Selfossi frá 18. júní 1985 kr. 4 500,00 á ári.
- b) Handsömunargjald kr. 2 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Selfoskaupstaðar, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.